

Þriðjudagurinn 23. maí 2000

143. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 21/2000

### **Samruni Máls og menningar hf. og Vöku-Helgafells hf.**

#### **1.**

Með bréfi, dags. 12. apríl 2000, hóf Samkeppnisstofnun athugun á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga á stofnun Máls og menningar hf. og Vöku-Helgafells hf. á nýju alhliða útgáfu- og miðlunarfyrirtæki sem yfirtaki rekstur félaganna tveggja og dótturfélaga þeirra. Í bréfinu var óskað eftir upplýsingum um samruna fyrirtækjanna í því skyni að athuga hvort hann kalli á íhlutun. Í 18. gr. er fjallað um heimild til íhlutunar ef samruni fyrirtækja eða yfirtaka þykir skaðleg í skilningi samkeppnislaga. Með bréfum frá 18. apríl og 26. apríl sl. bárust Samkeppnisstofnun ítarlegar upplýsingar frá málsaðilum.

#### **2.**

Samkeppnisstofnun hefur aflað ýmissa gagna auk bréfa málsaðila sem að framan eru nefnd. Ennfremur hafa fjölmargir forsvarsmenn fyrirtækja sem tengjast bókaútgáfu og bóksölu verið boðaðir til fundar við starfsmenn Samkeppnisstofnunar til að varpa frekara ljósi á áhrif samrunans á þann markað sem við á.

#### **3.**

Með bréfi, dags. 16. maí 2000, var aðilum málsins birt frumathugun þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að þörf væri á íhlutun skv. 18. gr. samkeppnislaga. Með bréfi, dags. 20. maí, komu aðilar málsins að athugasemdum sínum vegna frumathugunarinnar.

#### **4.**

Samkeppnisráð hefur fjallað um málið. Það er mat ráðsins að stofnun Máls og menningar hf. og Vöku-Helgafells hf. á nýju útgáfu- og miðlunarfyrirtæki feli í sér samruna í skilningi 18. gr. samkeppnislaga og að efni sé til að grípa til íhlutunar á grundvelli greinarinnar. Með hliðsjón af þessu mati samkeppnisráðs hafa átt sér stað viðræður milli Samkeppnisstofnunar og umræðra fyrirtækja

og hafa viðræðurnar leitt til sáttar. Sáttin felur í sér að Mál og menning hf. og Vaka-Helgafell hf. hlíti þeim skilyrðum sem fram koma í eftirfarandi ákvörðunarorðum.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni, með vísan til markmiðs samkeppnislaga, og til þess að tryggja virka samkeppni á þeim mörkuðum sem samruni Máls og menningar hf. og Vöku-Helgafells hf. hefur áhrif, eru eftirfarandi skilyrði sett á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993:**

- 1. Starfsmenn og stjórnarmenn í Dreifingarmiðstöðinni ehf. skulu hvorki sitja í stjórn né vera starfsmenn eignaraðila Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. eða annarra dótturfélaga þeirra.**
- 2. Stjórn og starfsmönnum Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. er óheimilt að veita stjórnarmönnum og starfsmönnum eigenda fyrirtækisins hvers konar viðskiptalegar upplýsingar sem stafa beint eða óbeint frá keppinautum eigendanna.**
- 3. Stjórnarmenn og starfsmenn Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. skulu undirrita yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu gagnvart stjórn og starfsmönnum eigenda fyrirtækisins varðandi hvers konar viðskiptalegar upplýsingar sem stafa beint eða óbeint frá keppinautum eigendanna.**
- 4. Öll viðskipti milli Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. og eigenda hennar skulu vera eins og viðskipti milli óskyldra aðila.**
- 5. Dreifingarmiðstöðinni ehf. er skylt að veita öðrum fyrirtækjum, sem þess óska og uppfylla málefnaleg skilyrði, sömu þjónustu og eigendur Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. njóta og með sambærilegum kjörum.**
- 6. Gjaldskrá og viðskiptakjör Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. skulu vera opinber og öllum aðgengileg.**
- 7. Dreifingarmiðstöðinni ehf. er óheimilt að semja um eða hafa hvers konar milligöngu gagnvart endurseljendum um verðlagningu eða viðskiptakjör á þeim vörum sem fyrirtækið dreifir.**
- 8. Hinu nýja fyrirtæki sem verður til úr samruna Máls og menningar hf. og Vöku-Helgafells hf., hér eftir nefnt nýja fyrirtækið, dótturfyrirtækjum þess og fyrirtækjum sem það hefur virk yfirráð yfir er óheimilt að gera einkasölusamninga eða aðra samninga, formlega eða óformlega, við endurseljendur á bókum sem miða að**

því eða hafa þau áhrif að aðgangur fyrir vörur keppinauta að markaðnum takmarkist.

9. Nýja fyrirtækinu, dótturfyrirtækjum þess og fyrirtækjum sem það hefur virk yfirráð yfir, er óheimilt að grípa til hvers konar ráðstafana gagnvart endurseljendum sem miða að því eða hafa þau áhrif að aðgangur fyrir vörur keppinauta nýja fyrirtækisins að markaðnum takmarkist, t.d. vegna framstillingar og kynningar í verzlunum endurseljenda. Slíkar ráðstafanir geta t.d. falist í því að:
  - tvinna saman viðskipti með einstaka bókatitla eða aðrar vörur,
  - veita óeðlilega afslætti eða önnur viðskiptakjör,
  - beita sölusynjun eða gera líklegt að sölusynjun verði beitt.
10. Keppinautar nýja fyrirtækisins, dótturfyrirtækja og fyrirtækja sem það hefur virk yfirráð yfir, á sviði bókaútgáfu skulu hafa samskonar aðgang að bókaverslunum undir yfirráðum nýja fyrirtækisins og bókaútgáfa nýja fyrirtækisins og tengdra fyrirtækja. Í þessu felst að samskonar viðskiptakjör gildi og ekki sé um að ræða óeðlilega mismunun hvað varðar kynningu og framstillingu í bókaverslunum.“